

ARION BANKI HF. VIÐSKIPTABANKI | IS | 581008-0150**A3 | 90 / 100**



A1 - A3	B1 - B3	C1 - C3	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt

EINKUNN

Arion banki fær framúrskarandi einkunn í UFS mati Reitunar með 90 stig af 100 mögulegum. Endar bankinn í flokki A3.

UFS NIÐURSTÖÐUR

	Vægi	Stig	Einkunn
Umhverfispættir	12.0%	91	A3
E.1 Visthagkvæmni	6.0%	95	A2
E.2 Umhverfisstjórnun	6.0%	88	A3
Félagspættir	25.0%	94	A2
S.1 Vinnuumhverfi	7.0%	93	A2
S.2 Velferð starfsmanna & viðskiptaánægja	18.0%	94	A2
Stjórnarhættir	63.0%	87	A3
G.1 Almennir stjórnarhættir	9.0%	98	A1
G.2 Starfshættir og aðfangakeðja	24.0%	91	A3
G.3 Vörur og þjónusta	30.0%	81	B1

SAMANBURÐUR**UFS EINKUNNADREIFING****STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM**

Arion banki nær framúrskarandi árangri í UFS mati Reitunar með hæstu einkunn (A3). Sjálfbærniáhætta er nú skilgreind sem ein af megináhættum bankans og hefur stjórnskipulag um sjálfbærni verið sett fram með formlegri hætti þar sem ábyrgðarsvið sjálfbærniáhættu fellur undir stjórn bankans og bankastjóra. Sjálfbærniáhættunefnd hefur verið stofnuð sem heyrir undir bankastjóra. Nefndin hefur eftirlit með sjálfbærnimálum og markmiðum bankans og framfylgni við þau. Mikilvægur þáttur fyrir fjármálafyrirtæki er innleiðing á UFS þáttum í eignastýringa- og lánastarfsemi og vinnur bankinn þar vel. Bankinn hefur skuldbundið sig að vinna eftir viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (e. UN PRB) og er þáttakandi í PCAF, loftlagsmæli fyrir fjármálafyrirtæki, en markmið bankans er að mæla kolefnisfótspor lánasafnsins fyrir árslok 2022. Um mitt ár 2021 birti bankinn græna fjármálaumgjörð og fór í fyrstu grænu skuldabréfaútgáfu sína tengda við rammann. Upplýsingar um ráðstöfun fjármagns og áhrif verkefna verður miðlað með skýrslugjöf árlega. Horft er til þess að auka við sjálfbært vöruframboð innan samstæðunnar. Grænn innlánsreikningur bankans, sem stofnaður var um mitt ár 2020, hefur hlotið góðar viðtökur og fyrsta áhrifaskýrsla tengd honum verið birt. Þá býður bankinn upp á græn bílalan, græn íbúðarlán og nú græn fyrirtækjalán. Stefnir, dótturfélag bankans, hefur á árinu 2021 stofnað þrjá sjálfbæra sjóði. Tryggingarfélagið Vörður, dótturfélag bankans, stefnir að því að auka við sjálfbært vöruframboð á næstu árum og eru mikil tækifæri þar í samstarfi við bankann. Bankinn er aðili að viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI) og er hugað að ábyrgri fjárfestingastarfsemi innan samstæðunnar. Bankinn stendur vel að almennum stjórnarháttum og viðskiptasiðferði en áhættan er metin minniháttar þar sem fjármálafyrirtæki á Íslandi starfa undir umfangsmiklu regluverki og eftirliti. Mikilvægur áhættuþáttur fyrir atvinnugreinina er upplýsingaöryggi og stýrir bankinn þeim áhættuþætti vel en hefur ekki hlotið vottun í stjórn upplýsingaöryggis. Bankinn hefur innleitt UFS þætti í mat á aðfangakeðju sinni og stendur þar framarlega í samanburði við markaðinn. Arion banki hefur sterk tengsl við samfélagið og veitir styrki sem hafa jákvæð samfélagsleg áhrif. Vel er staðið að mannauðsmálum innan bankans og mælist starfsánægja áfram góð. Hugað er vel að umhverfismálum í innri starfsemi og er mæld heildarlosun bankans kolefnisjöfnuð. Niðurstöður endurspegla mat Reitunar um að Arion banki sýni mikinn vilja til að gera vel í sjálfbærnitengdum málefnum og hefur náð góðum árangri. Hann þekkir þau áhrif sem hann getur haft, samfélaginu og umhverfinu til góða, og er bankinn gott fordæmi fyrir íslenskan markað.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Arion banki er vel fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum í samanburði við innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum greiningu hjá Reitun (fjöldi um 34). Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 67 stig af 100 mögulegum, flokkur B3. Einn annar rekstraraðili hlýtur sama stigafjölda og bankinn en 90 stig er mesti fjöldi UFS stiga sem Reitun hefur gefið. Er bankinn í flokki A3 ásamt tveimur öðrum rekstraraðilum.

Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggi fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neinir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram.

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.